

10. gr.

Félagsfundur er lögmætur ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið boðað til hans á sama hátt og til aðalfundar. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

11. gr.

Formaður félagsins kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundur er því aðeins lögmætur, að allir stjórnarmenn séu mættir. Færa skal gerðabók og skal fundarritari lesa upp fundargerð í lok hvers fundar, og undirrita hana ásamt formanni.

12. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöld til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og aðalleiðslu.

Viðhald heimlagna og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér undir eftirliti félagsstjórnar.

13. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af vatnsveitufélagi Laugarásshverfis í Biskupstungum, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. september 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um umferð í Ólafsfjarðarkaupstað.

Bæjarstjórn hefur fallizt á tillögur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

1. Aðalgata og Ólafsvegur skulu hafa aðalbrautarrétt, og hefur Aðalgata aðalbrautarréttinn gagnvart Ólafsvegi.
2. Einstefnuakstur er ákveðinn á Brekkugötu til suðurs.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar á Hornbrekkuvegi að austanverðu.

Bæjarfógetinn í Ólafsfirði, 16. september 1964.

Pétur Gautur Kristjánsson,
settur.